

Punktur vegna fundar með utanríkismálanefnd 7. desember 2012.

Ragnhildur Helgadóttir

Þessi kafli er mjög til bóta og með þeim best frágengnu og skýrustu í frumvarpinu. Almenn gildir það, að margar tillögur í frumvarpinu þarfnast – hver fyrir sig – mikillar yfirlegu þannig að unnt sé að vera viss um áhrif þeirra, m.a. miðað við núverandi framkvæmda og að skýra þarf greinargerð enn frekar.

Hér á eftir er tímans vegna – en þetta er allt unnið með mjög stuttan tíma til stefnu – farin sú leið að benda í stuttu máli á spurningar og vafaatriði sem vakna við skjótan lestur þessa kafa. Þessi listi er ekki tæmandi úttekt á atriðum sem þarf að skoða.

109. gr. meðferð utanríkismála

- Spurningar eða athugasemdir við greinina sjálfa
 - Hafa þarf í huga – þó stjórnarskrá þurfi ekki að endurspegla það – hverjir geta bundið ríkið að þjóðarétti. (1. mgr.)
 - Það þarf að meta hversu heppilegt er að tala um að ráðherra fari með utanríkisstefnu og fyrirsvar ríkisins „í umboði“ Alþingis (1. mgr.) þegar ætlunin virðist vera að þetta orðalag sé aðeins tilvísun í þingræðisregluna og hefðbundið eftirlit Alþingis með framkvæmdarvaldinu. Venjulega geta þeir sem veita umboð t.d. afturkallað það.
 - Það þarf að hugsa hvort menn vilja skerpa á samráðsskyldunni við utanríkismálanefnd, sem kveðið er á um í 2. mgr. Í greinargerð virðist gert ráð fyrir að ákvæðið hafi lítið vægi nema sem leiðbeiningarregla fyrir stjórnvöld, nema það sé útfært nánar í lögum.
 - Orðalag 4.mgr.: „aðgerðir sem fela í sér beitingu vopnavalds, aðrar en þær sem Ísland er skuldbundið af skv. þjóðarétti“ er kauðskt en merkingin kemst til skila.
- Spurningar eða athugasemdir við greinargerð um VIII. kafla almennt og um 109. gr.
 - Á nokkrum stöðum í almenna kaflanum er vísað til stjórnlagaráðs og þá er óljóst hvort Alþingi / sérfræðihópurinn er að gera skýringuna að sínum eða ekki. Hér skal því minnt á það (sem er mun stærra atriði í mörgum öðrum köflum) að greinargerðin þarf að vera skýr og Alþingi þyrfti að annað hvort gera skýringar stjórnlagaráðs að sínum eða gefa aðrar. Samræða í skrifuðum texta um það hver séu rökin að baki ákvæði er villandi í lögskýringargögnum.
 - Sama gildir um greinargerð með 109. gr. að því er varðar venju um þátttöku fagráðherra í utanríkismálum.

110. gr. Þjóðréttarsamningar

- Um greinina sjálfa
 - Að öðru leyti en því sem segir um samninga sem eru „mikilvægir af öðrum ástæðum“ er greinin byggð á núverandi starfsháttum og skýringum 21. gr. Mér

finnst hún skýr og fín og ég tel ákvæðið um samninga mikilvæga af öðrum ástæðum ekki villandi heldur aðeins opna á að þessi leið sé farin varðandi aðra samninga ef þá sem eru taldir.

- Um greinargerð
 - Hún er mjög skýr og hjálpleg.

111. gr. Framsal ríkisvalds

- Um greinina sjálfa
 - Breyting sérfræðihóps um að lögín en ekki framsalið skulu borin undir þjóðaratkvæði (2. mgr.) er til bóta.
 - Réttarástandið er, eins og greinin er núna, óbreytt að því leyti að það framsal sem nú er heimilt skv. venju er áfram heimilt án sérstakrar málsmeðferðar en að ef samningur felur í sér framsal umfram það sem nú er heimilt, þá þarf að viðhafa sömu aðferð og við stjórnarskrárbreytingu. (2. mgr.)
 - Af greinargerð með 2. Mgr. virðist ljóst að skýra á það hvað er „verulegt“ valdframsal með hliðsjón af því hvað má samkvæmt þeirri venju um framsal ríkisvalds sem nú gildir. Það þýðir að það er eingöngu í mjög stórum málum sem telst vera um verulegt framsal að ræða. Það er í samræmi við reynslu Norðmanna af sams konar ákvæði. Hér vaknar því spurning hvort þingmenn vilji hafa einhvers konar millileið: T.d. ákvæði um aukinn meirihluta þegar samningur felur í sér almennt framsal valds eða framsal sem ekki er mjög takmarkað, auk þess sem nú er gert ráð fyrir.
- Um greinargerð
 - Hún er mjög skýr og hjálpleg.

112. gr. Skyldur samkvæmt alþjóðlegum samningum

- Um greinina sjálfa
 - Ákvæði 2. mgr. reynir að fanga raunverulega stöðu sumra mannréttindasamninga. Hún þýðir í raun að þegar alþjóðlegir mannréttindasáttmálar og umhverfissamningar hafa verið lögfestir gilda þeir framar öðrum lögum ef ósamræmi er, jafnvel þó hin lögín séu nýrri. Þetta er byggt á ákvæði í norsku stjórnarskránni og er að mínu viti til bóta.
 - Hér þyrfti að athuga hvort þessi regla gildi etv. um ees-reglur á umhverfissviði og taka afstöðu til þess hvort það sé það sem ætlast var til.
- Um greinargerð
 - Það er ekkert stórslys en óþarfi að í greinargerð standi „Ætla verður að með þessum fyrirvara sé skírskotað til...“ Slík ummæli eru óvenjulega fá í þessum kafla en þau þarf eiginlega að taka út: Stjórnarskrárgjafinn hlýtur að vita hvað hann á við.

13. gr. um eignarrétt

- Fullyrðingar um að hægt sé að takmarka eignarrétt útlendinga án þess að þess sé getið í stjórnarskrá (því núverandi 72:2 er felld út) náði ég ekki að skoða en þau þarfnast skoðunar. Hvernig stendur það gagnvart jafnræðisreglu?